

**Fundargerð fundar samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
Félags stjórnenda leikskóla**

15. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn föstudaginn 20. júlí 2018 og hófst hann kl. 09:00. Fundinn sátu af hálfu FSL, Sigurður Sigurjónsson og Sigrún Hulda Jónsdóttir og Vigdís Guðmundsdóttir. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Breyting á gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla

- a. Kjarasamningur aðila frá 1. júní 2015 framlengist og gildir hann til 31. júlí 2019.
- b. Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á launatöflu A-4 sem gildir til og með 31. júlí 2019 eða út gildistíma kjarasamnings:

Frá 1. júní 2018 hækka launatöflur leikskólastjóra og aðstoðarleik-skólastjóra um 4,5% í stað 2,8% hækkunar sem samið var um með vísan í fundargerð 11. fundar samstarfsnefndar SNS og FSL frá 17. mars 2017.
- c. Við launasetningu leikskólastjóra og aðstoðarskólastjóra skulu grunnlaun vera að lágmarki 3% hærri en mánaðarlaun sem hann ella fengi sem deildarstjóri í lfl. 235 skv. ákvæðum í kjarasamningi Félags leikskólakennara sem gildir frá 1. júní 2015 til 30. júní 2019. Um er að ræða tímabundna ákvörðun sem gildir frá 1. ágúst 2018 til 31. júlí 2019.

Uppfærð launatafla vegna leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

LAUNATAFLA 4-A	
Félag stjórnenda leikskóla	
Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar	
Gildir frá 1. júní 2018 til 31. júlí 2019	
Lfl.	Laun
135	509.644
136	516.857
137	524.178
138	531.607
139	539.151
140	546.806
141	554.576
142	562.463
143	570.466
144	578.591
145	586.840
146	595.210
147	603.706
148	612.329
149	621.084
150	629.968
151	638.985
152	648.138
153	657.429
154	666.857
155	676.429
156	686.143
157	696.003
158	706.010
159	716.171
160	726.480
161	736.947
162	747.567
163	758.349
164	769.293
165	780.402
166	791.674
167	803.119
168	814.731
169	826.522
170	838.488
171	850.646
172	862.981
173	875.494
174	888.189
175	901.067
176	914.133
177	927.389
178	940.836
179	954.478
180	968.317
181	982.357
182	996.603
183	1.011.052
184	1.025.712
185	1.040.586
186	1.055.673
187	1.070.982
188	1.086.509
189	1.102.264
190	1.118.246

2. Önnur mál

Aðilar eru sammála um að æskilegt sé að launamyndun stjórnenda í leikskólum verði í meginatriðum sambærileg við launamyndun stjórnenda í grunnskólum.

Samstarfsnefnd er sammála um að á samningstímanum verði tekið til skoðunar hvernig mati á menntun félagsmanna FSL ásamt stjórnunar- og starfsreynslu verði best fyrir komið. Markmiðið er að viðbótarnám nýtist félagsmönnum sem best í starfi, bæði sem stjórnendur og faglegir leiðtogar og að launamyndunarþættir félagsmanna og leikskólakennara geti verið sem líkastir þegar kemur að mati á starfsreynslu.

Náist sameiginleg niðurstaða um tillögur að breytingum á menntunarkafla kjarasamnings og greinum er varða mat á starfsreynslu verða þær lagðar fyrir samninganefndir aðila fyrir lok samningstímans þann 31. júlí 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:40.